

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 176/2012

2012/EES/70/24

frá 28. september 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/291/ESB frá 26. apríl 2011 varðandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar eimreiðar og járnbrautarvagna fyrir farþega í undirkerfinu „járnbrautavagnar“, í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 37db (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/163/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32011 D 0291:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/291/ESB frá 26. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 139, 26.5.2011, bls. 1).“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 37dh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/274/ESB):

„37di. **32011 D 0291:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/291/ESB frá 26. apríl 2011 varðandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar eimreiðar og járnbrautavagna fyrir farþega í undirkerfinu „járnbrautavagnar“, í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu. (Stjtið. ESB L 139, 26.5.2011, bls. 1).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í lið 7.3.2.3 í viðauka við ákvörðunina:

„Sérstakt tilvik Noregur

(„P“) Einingar skulu vera innan hreyfílýsingarsporviddar NO1 til að fá óheftan aðgang að norska járnbrautanetinu. Járnbrautarlínur sem heimila meiri sporvidd eru tilgreinar í leiðarvísí járnbrautanetsins.

Þetta kemur ekki í veg fyrir að járnbrautavagnar sem uppfylla tækniforskrift um rekstrarsamhæfi fái aðgang að innlenda járnbrautanetinu.“

- b) Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7.3.2.13 í viðauka við ákvörðunina:

„7.3.2.13a Aflstuðull (4.2.8.2.6)

Sérstakt tilvik Noregur

(„P“) Að því er varðar óheftan aðgang að norska járnbrautanetinu gildir eftirfarandi fyrir rafknúnar dráttareiningar:

- Rýmdarafsstuðull skal ekki vera minni en 0,95 við snertivíraspennu sem er meiri en 16,5 kV þegar dráttareiningin notar orku á virkan hátt.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 26.5.2011 bls. 1.

- Rýmdarafl skal ekki vera meira en 60 kVAr þegar dráttareiningin endurmyndar orku.
- Spanaflsstuðull skal ekki vera minni en 0,95 við snertivíraspennu sem er undir 16,5 kV þegar dráttareiningin endurmyndar orku.“

c) Eftirfarandi bætist við í lið 7.3.2.16 í viðauka við ákvörðunina:

„Sérstakt tilvik Noregur

(„T“) Þetta sérstaka tilvik gildir um einingar sem eru reknar á járnbrautarlínunum þar sem ökuleiðarakerfi hefur ekki verið endurnýjað. Járnbrautarlínur þar sem ökuleiðarakerfið uppfyllir tækniforskrift um rekstrarsamhæfi eru tilgreindar í leiðarvísi járnbrautanetsins.

Stærð straumsnertuhausins skal vera samkvæmt EN 50367:2011 mynd B.6 (1800 mm).“

d) Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7.3.2.16 í viðauka við ákvörðunina:

„7.3.2.16a Stöðusnertukraftur straumsnertunnar (4.2.8.2.9.5)

Sérstakt tilvik Noregur

(„P“) Þetta sérstaka tilvik gildir um einingar sem eru reknar á járnbrautarlínunum þar sem ökuleiðarakerfið hefur ekki verið endurnýjað. Járnbrautarlínur þar sem ökuleiðarakerfið uppfyllir tækniforskrift um rekstrarsamhæfi eru tilgreindar í leiðarvísi járnbrautanetsins.

Í kyrrstöðu skulu straumsnertur hafa stöðusnertukraftinn 55 N.“

e) Eftirfarandi bætist við í lið 7.3.2.17 í viðauka við ákvörðunina:

„Sérstakt tilvik Noregur

(„P“) Þetta sérstaka tilvik gildir um einingar sem eru reknar á járnbrautarlínunum þar sem ökuleiðarakerfið hefur ekki verið endurnýjað. Járnbrautarlínur þar sem ökuleiðarakerfið uppfyllir tækniforskrift um rekstrarsamhæfi eru tilgreindar í leiðarvísi járnbrautanetsins.

Straumsnertur verða, auk krafna tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi, að vera í samræmi við ferli sem byggir á eftirfarandi formúlu: $F_m = 0,00097v^2 + 55$, með $\pm 10\%$ vikmörk.“

f) Eftirfarandi bætist við í lið 7.4 í viðauka við ákvörðunina:

„Sérstök skilyrði Noregur

(„P“) Til að járnbrautarvagnar fái óheftan aðgang að norska járnbrautanetinu við vetrarskilyrði verður að sýna fram á að járnbrautarvagnarnir uppfylli eftirfarandi kröfur:

- Velja skal hitasvæði T2 eins og tilgreint er í lið 4.2.6.1.2.
- Velja skal erfiðar aðstæður með snjó, ísingu og hagléli eins og tilgreint er í lið 4.2.6.1.5.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/291/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.